22.02.–11.05.2025

Ólga
Swell

Frumkvæði kvenna í íslenskri myndlist á níunda áratugnum

Níundi áratugurinn ruddist fram á við með óstöðvandi skriðþunga, sem birtist í sýningunni *Ólgu* í gegnum verk níu listamanna fæddum á árunum 1948–1955. Margra ára aktívismi, listsköpun og óbilandi atorkusemi, ásamt félagslegu, menningarlegu og pólitísku andrúmslofti áttunda áratugarins, lagði grunninn að þessum mikla listræna lífsþrótti. Alþjóðlegur uppgangur annarrar bylgju femínisma mótaði mikilvægan grunn fyrir réttindi kvenna, sýnileika, þátttöku og kerfisbreytingar. Hér á landi leiddi grasrótarstarfsemi eins og Rauðsokkahreyfingin baráttuna fyrir vinnuréttindum og ákvörðunarrétti yfir eigin líkama (1970–1982). Kvennaverkfallið (1975) og yfirlýsing Sameinuðu þjóðanna um áratug kvenna (1975–1985) ýttu ennfremur undir breytingar sem gerði konum kleift að taka sér pláss á listavellinum. Á næsta áratug, 1980–1990, festu konur nærveru sína í sessi af djörfung, gerðu tilraunir með nýja miðla og form og byggðu á þeirri vegferð sem þegar var vörðuð og héldu áfram að víkka út mörk samtímalistar.

Þessi sýning fjallar um hvernig myndlistarkonur á Íslandi á níunda áratugnum ögruðu rótgróinni arfleifð og sköpuðu rými fyrir von, metnað og nýja ímynd kvenna. Hver og ein þeirra varðaði ekki aðeins sína eigin leið heldur stækkaði einnig möguleika komandi kynslóða og staðfestu tilveru sína sem virkir þátttakendur í sögunni. Kraftmikil vinnubrögð þeirra, sem spanna ýmsa miðla, halda áfram að þróast og hljóma í dag. *Ólga* snýst ekki bara um að varðveita fortíðina; verkefninu er ætlað að gera grein fyrir áframhaldandi gárum listakvenna og djúpstæðum áhrifum þeirra á menningar- og listalífið. Það undirstrikar mikilvægi viðvarandi baráttu og samræðna til að tryggja að framlag kvenna sé sýnilegt, því fagnað og samofið listsögulegu kanónunni. Þó að þessi sýning veiti ekki tæmandi yfirlit – með virðingu fyrir þeim röddum sem ekki hljóma að þessu sinni – er leitast við að láta valin verk opna fyrir blæbrigðaríkt endurlit þessarar sögu frá kvenlægu sjónarhorni.

Erla Þórarinsdóttir (f. 1955)
Kvenorka rís í málverkum Erlu – brýn, hrá og óbundin. Verk eins og *Frumfígúra* (1982) og *Stúlkan og fiskurinn* (1982) kafa ofan í kyn og sjálfsmynd og *Eldfjall í hverju landi…* (1983) og *Tótem* (1984) sameina persónulega og pólitíska tjáningu. Málverk hennar eru hlaðin styrk og bera með sér kraftmikla nærveru – bæði uppgjör og endurheimt.

Rúrí (f. 1951)
Fyrstu tímamótagjörningar Rúrí fela í sér hreyfingu þvert á svið, fræðigreinar og vitund. *Gullinn bíll* (1974) stendur sem merki umbreytingar og markar tímamót í átt að nýju tjáningarfrelsi. Í *Blæ* (1980), sem flutt var á Korpúlfsstöðum, hreyfir hún sig með vindinum, eltir ósýnilega strauma hans – látbragð losunar og endurnýjunar. *Regnbogi* (1983) kveikir lit og nærveru í landslaginu, hverfull en samt merki um róttækan sýnileika. Hvert verk býður upp á nýja von.

Gerla – Guðrún Erla Geirsdóttir (f. 1951)
Persónulegar hugleiðingar og djúpstæðar tengingar við náND, minni og líkama enduróma úr verkum Gerlu. Í verkum sínum, *Í minningu elskhuga* (1981), *Nótt í París* (1981) og *Draumur skúringarkonunnar* (1981), fléttar hún saman persónulegar og sameiginlegar frásagnir og setur líkamann – bæði hennar eigin og annarra – í fremstu röð. Ónefnd bókverk hennar (1978 & 1979) ávarpa framrás tímans á brotakenndan en viðkvæman máta. Með áferðarmiklum, ofnum tónverkum heiðrar hún textílhefð fortíðarinnar og knýr inn í framtíðina. Hún endurmótar hið kvenlega sjónarhorn sem bæði persónulegt og almennt.

Harpa Björnsdóttir (f. 1955)
Grafík og málverk Hörpu, sem endurspegla jafnvægi milli léttleika og styrkleika, fanga sjálfsspeglun, næmni og sjálfsmynd. *Gullkonur* (1985), *Pönkdrotting* (1985) og *Systur* (1985) eru svipmikil og kvenleikinn er geislandi og ögrandi. *Kona* (1985) og *Stillimynd* (1981) kanna nærveru og fjarveru, en *Erotica I* og *Erotica II* (1990) umfaðma aðdráttarafl líkamans með bæði öryggi og viðkvæmni, erótískt en þó óneitanlega fallegt.

Rúna Þorkelsdóttir (f. 1954)
Verk Rúnu birtast okkur úr lagskiptingu tíma, efnis og minnis. Í *Ofið í garðinum* (1980) vefur hún náttúruleg efni í hringrás vaxtar og rotnunar og fangar hverfula og varanlega eiginleika tímans. *Vatnaljóð* (1982) og *Að elta regnboga* (1984–1987, 1990) sundra og afbyggja liti, ljóð og landslag og setja aftur saman í breytilegu formi. *Eyja fæðist* myndgerir sköpunarferli eyju – pappírskennd, lagskipt, líkamleg, mótun landslags og sjálfs. Með þrykki, vefnaði, bókverkagerð og ljóðrænum tónverkum umfaðma verk Rúnu umbreytingu, endursamsetningu og hluta úr heild.

Ásta Ólafsdóttir (f. 1948)
Fyrstu myndbandsverk Ástu gefa til kynna könnun á nýjum miðli þar sem hlutur, landslag, tungumál og athöfn skarast. *Melon/Lemon* (1981), *Nellikur* (1982) og *Inn á milli* (1981) breyta skynjun og afhjúpa ljóð í hversdagsleikanum. *Það heldur áfram eða ekki* (1984) og *Af tímans rás* (1986) kanna hreyfingu og tíma þar sem bendingar öðlast lagskipta merkingu. Myndbönd Ástu kafa ofan í rödd, tækni og breytileg sjónarmið og víkka út hvernig myndir og tungumál móta upplifun. Verk hennar eru staðsett inn á milli, þau opna nýjar leiðir til að sjá og vera.

Margrét Jónsdóttir (f. 1953)
Málverk Margrétar standa fyrir óbilandi nærveru – myndir rísa upp úr áferðarríkum flötum, lýsa náttúrunni og kvenlegum styrk. Í *Menningarvitanum* (1989) og *Landvættum* (1988) taka steinkennd form á sig næstum goðsagnakenndan eiginleika, bæði formsterk og kraftmikil, og kalla fram stöðuga frumkrafta. Ónefnd verk hennar (1985–1987) fleyta áfram þessari könnun, þar sem skarpar brúnir og breytilegt yfirborð gefur svigrúm fyrir seiglu og umbreytingu. Hér er hið kvenlega hvorki mjúkt né lágt heldur skorið inn í landslagið sjálft.

Svala Sigurleifsdóttir (f. 1950)
Verk Svölu ígrunda kynferði, sjálfsmynd og það að tilheyra með næmum hætti en jafnframt af ákefð. Með rætur í femínískri orðræðu flakkar listsköpun hennar um persónulega og sameiginlega sögu í gegnum prentmiðla, handmálaða ljósmyndun og táknrænt myndmál. *Dómur Parísar* (1978–1989) dregur fram femíníska helgimyndafræði, en verkin *Að baki hvers mikilmennis…* (1983), *Ertu dúkkulísa í Undralandi?* (1984) og *Egg* (1984) endurspegla væntingar og takmarkanir kvenleikans. Hið persónulega er alltaf pólitískt og býður upp á könnun á sjálfum sér og umhverfinu.

Brynhildur Þorgeirsdóttir (f. 1955)
Skúlptúrar Brynhildar, *Vera I & II* (1982), *Heiðarkonan* (1986), *Hún* (1987) og *Án titils* (1985, 1988) taka yfir rýmið með ágengri nærveru sinni. Massífar en eirðarlausar fela þessar verur í sér tímaleysi og um leið bæði ögrun og varnarleysi. Pönkaðir eiginleikar þeirra forða þeim frá að falla að fyrirfram gefnum viðmiðum og sameina efnivið og frumkraft. Verkin eru sett upp á dreif um sýninguna og draga þannig fram bergmál fortíðar og vísa veginn til framtíðar – krefjandi, viðstöðulaus og síbreytileg í skynjun.

Women's Initiative in Icelandic Art in the Eighties

The 1980s surged forward with the unstoppable momentum, embodied in the exhibition *Swell* through the works of nine artists born in the years 1948–1955. Years of activism, artistic labour, and persistent effort, along with the social, cultural, and political climate of the 1970s, laid the foundation for this period of intense artistic vitality. The global rise of second-wave feminism forged critical groundwork for women's rights, visibility, representation, and institutional change. In Iceland, grassroot movements like The Redstockings' fight for women's labor and reproductive rights (1970–1980), the Women's Day Off strike (1975), and the United Nations' Declaration of the Decade for Women (1975–1985) sparked a shift, empowering women artists to claim their spaces. This decade saw them boldly asserting their presence, experimenting with new media and forms, and building on the pathways laid before them, continuing to expand the boundaries of contemporary art.

This exhibition explores how women artists in Iceland challenged established narratives in the 1980s, creating space for hope, ambition, and female identity. Each of these artists not only forged their own paths but also expanded possibilities for future generations, asserting their presence as active participants in history. Their dynamic practices, spanning various media, continue to evolve and resonate today. *Swell* is not just about preserving the past; it is about understanding the continued ripples of women artists and their profound influence on the cultural and artistic landscape. It underscores the importance of sustained advocacy and dialogue to ensure women's contributions remain visible, celebrated, and integrated into the art historical canon. While this exhibition does not offer an exhaustive overview – acknowledging the voices not represented – it seeks, through selected works, to offer a more nuanced recollection of this history from a female perspective.

Erla Þórarinsdóttir (b. 1955)
Female energy rises in Erla's paintings – urgent, raw, and unbound. Works like *Urfigur* (1982) and *The Girl and the Fish* (1982) explore gender and identity, and *A Volcano in Every Country…* (1983) and *Totem* (1984) fuse personal and political expression. Charged with intensity, her paintings embody an eruptive presence – both a reckoning and a reclamation.

Rúrí (b. 1951)
Rúrí's early groundbreaking performances embody movement across landscapes, disciplines, and states of being. *Golden Car* (1974) stands as an emblem of transformation, marking a turning point toward new freedoms of expression. In *Breeze* (1980), performed at Korpúlfsstaðir, she moves with the wind, trailing its invisible currents – a gesture of release and renewal. *Rainbow* (1983) ignites color and presence in the landscape, a fleeting yet radical act of visibility. Each works offers new hope.

Gerla – Guðrún Erla Geirsdóttir (b. 1951)
Intimate reflections and a deep engagement with sensuality, memory, and the body resonate from Gerla's works. In *Memory of a Lover* (1981), *Night in Paris* (1981), and *Cleaning Women's Dream* (1981), she intertwines personal and collective narratives, placing the body – both her own and others – at the forefront. Her *Untitled* works (1978 & 1979) offer fragments that speak to time's passage and fragility. Through tactile, woven compositions, she honors the textile practices of the past, propelling them into the future, reimagining the feminine gaze as both personal and universal.

Harpa Björnsdóttir (b. 1955)
Balancing lightness and intensity, Harpa's prints and paintings capture self-reflection, sensuality, and identity. *Women of Gold* (1985), *Punk Queen* (1985), and *Sisters* (1985) are expressive, and femininity is radiant and defiant. *Woman* (1985) and *No Signal* (1981) explore presence and absence, while *Erotica I* and *Erotica II* (1990) embrace the body's allure with both boldness and delicacy, erotic yet undeniably beautiful.

Rúna Þorkelsdóttir (b. 1954)
Rúna's works unfold in layers – of time, material, and memory. In *Weaving in the Garden* (1980), natural materials weave cycles of growth and decay, marking time as both ephemeral and enduring. *Vatnaljóð* (1982) and *Chasing the Rainbow* (1984–1987, 1990) fragment and reimagine color, poetry, and landscape, placing them back together in shifting forms. *Birth of an Island* envisions an island taking shape – papered, layered, forming like a body, an emergence of land and self. Through prints, weaving, bookworks, and poetic compositions, Rúna's works embrace transformation, reassembly, parts of a whole.

Ásta Ólafsdóttir (b. 1948)
Ásta's early video works explore new media, where object, landscape, language, and action intersect. *Lemon* (1981), *Carnations* (1982) and *In-Between* (1981) shift perception, revealing poetry in the everyday. *It Continues or Not* (1984) and *Of the Time Being* (1986) explore movement and time, where gestures gain layered meaning. Ásta's video explorations delve into voice, technology, and shifting viewpoints, expanding how images and language shape experience. Her works inhabit the in-between, opening new ways of seeing and being.

Margrét Jónsdóttir (b. 1953)
Margrét's paintings assert a bold presence – figures rise from textured surfaces, embodying nature and feminine strength. In *Beacon of Culture* (1989) and *Land Guardians* (1988), stone-like forms take on a near-mythic quality, both grounded and forceful, evoking stable, elemental forces. Her *Untitled* works (1985–1987) continue this exploration, where sharp edges and shifting surfaces hold space for resilience and transformation. Here, the feminine is neither soft nor subdued but carved into the landscape itself.

Svala Sigurleifsdóttir (b. 1950)
Svala's works delicately yet incisively contemplate gender, identity, and belonging. Rooted in feminist discourse, her practice navigates personal and collective histories through print media, hand-painted photography, and symbolic imagery. *Paris' Judgement* (1978–1989) engages with feminist iconography, while *Behind every great man is a woman. Behind every great woman is her shadow* (1983), *Are You a Paper Doll in Wonderland?* (1984) and *Egg* (1984) probe femininity's expectations and constraints. The personal is always political, offering an exploration of self and surroundings.

Brynhildur Þorgeirsdóttir (b. 1955)
Brynhildur's sculptures, *Beings I & II* (1982), *Lady* (1986), *She* (1987), and *Untitled* (1985, 1988), command the space with their bold presence. Weighted yet restless, these figures move through time, embodying both defiance and vulnerability. Their punk sensibility resists categorization, merging raw materiality with an elemental force. Placed throughout the exhibition, they punctuate the room like echoes of past and future movements – insisting, lingering, and shifting in perception.

Ólga: Frumkvæði kvenna í íslenskri myndlist á 9. áratugnum
Swell: Women's Initiative in Icelandic Art in the Eighties
22.02.–11.05.2025

Listasafn Reykjavíkur
Reykjavík Art Museum
Kjarvalsstaðir

Listamenn Artists
Ásta Ólafsdóttir
Brynhildur Þorgeirsdóttir
Erla Þórarinsdóttir
Gerla – Guðrún Erla Geirsdóttir
Harpa Björnsdóttir
Margrét Jónsdóttir
Rúna Þorkelsdóttir
Rúrí
Svala Sigurleifsdóttir

Sýningarstjóri Curator
Becky Forsythe

Listasafn Reykjavíkur þakkar þeim sem lánuðu verk á sýninguna
Reykjavík Art Museum thanks those who kindly lent works for the exhibition

Í tilefni sýningarinnar gefur Listasafn Reykjavíkur út veglega sýningarskrá sem er til sölu í safnverslun
Reykjavík Art Museum publishes a new and comprehensive catalogue with the exhibition, available in the museum store

Listasafn Reykjavíkur hlaut Öndvegisstyrk Safnaráðs árið 2021 til þess að rannsaka hlut kvenna í íslenskri myndlist í samstarfi við námsbraut í listfræði við Háskóla Íslands. Sýningin er hluti af þessu verkefni.
Reykjavík Art Museum received the Museum Council's grant Öndvegisstyrkur in 2021 to research the role of women in Icelandic visual arts in collaboration with the University of Iceland. This exhibition is a part of that project.

Dagskrá Programme

Laugardagur (Alþjóðadagur kvenna)
Saturday (International Women's Day)
08.03. 12.00
Málþing Symposium

Leiðsagnir Guided Tours

Fimmtudagur (fimmtudagurinn langi)
Thursday (Good Thursday)
27.02. 20.00
Erla Þórarinsdóttir & Gerla

Fimmtudagur (fimmtudagurinn langi)
Thursday (Good Thursday)
27.03. 20.00
Leiðsögn safnkennara
Tour with Museum Docent

Sunnudagur Sunday **06.04. 14.00**
Harpa Björnsdóttir

Sunnudagur Sunday **27.04. 14.00**
Rúrí

Sunnudagur Sunday **04.05. 14.00**
Brynhildur Þorgeirsdóttir

Nánari upplýsingar um viðburði á heimasíðu safnsins
Detailed information on programming on museum website

Velkomið að bóka skólahópa eða sérhópa af ýmsum stærðum í leiðsögn
Welcome to book tours for school classes, or private groups of all sizes
hopar.listasafn@reykjavik.is

KJARVALSSTAÐIR ART MUSEUM REYKJAVÍK LISTASAFN

MIÐSTÖÐ ÍSLENSKRA BÓKMENNTA

Kjarvalsstaðir
Flókagata 24
105 Reykjavík
+354 411 6420

Opið daglega
Frá 10.00 til 17.00
Open daily
10h00–17h00

listasafnreykjavikur.is
artmuseum.is
#listasafnreykjavikur
#reykjavikartmuseum

SAFNARÁÐ The Museum Council of Iceland
HÁSKÓLI ÍSLANDS
Myndlistarsjóður Icelandic Visual Arts Fund
ICELANDAIR
rannís